

Reykjavík 11. mars 2010

BSRB mótmælir öllum áformum um að stjórnvöld grípi inn í vinnudeilu Félags íslenskra flugumferðarstjóra við Flugstoðir ohf og Keflavíkurflugvöll ohf með setningu bráðabirgðalaga á verkfallsaðgerðir félagsins. Í fjölmiðlum hafa verið reifaðar hugmyndir um inn grip stjórnvalda í vinnudeiluna. Sú umræða hefur áhrif á viðræður aðila og hleypir aukinni hörku í deiluna. Verkfallsréttur launafólks eru grundvallarréttindi og inn grip stjórnvalda með lagasetningu eins og nú er til umræðu er ólýðræðisleg valdbeiting.

Stórir faghópar BSRB innan velferðarþjónustunnar hafa verið með lausa samninga í tæpt ár og hefur gengið mjög erfiðlega að fá viðsejendur til alvarlegra viðræðna um kaup og kjör. BSRB krefst þess að viðsejendur þessara hópa komi að samningaborðinu með opnum huga þannig að lausn finnist á kjaradeilum þessara félaga.